FÓLK Í STAÐ FORNBÍLA Elliðaárdalur er í dálæti þeirra sem rækta vilja líkamann í iðilfagurri náttúru. Crossfit Stöðin er þeim kærkomin viðbót í dalinn.

Það er enginn þískadur áfram í CrossFit,“ segir Elvar Þór Karlsson eigandi CrossFit Stöðvarinnar sem opnar upp á gátt í nýrri og glæsilegri æfingastöð í Elliðaárdalnum 4. júní.

„Margir halda að CrossFit sé eingöngu fyrir íþróttafólk í toppformi, en 95 prósent þeirra sem ástunda CrossFit er venjulegt fólk í leit að góðri hreyfingu sem skilar árangri,“ útskýrir Elvar um CrossFit-líkamsræktarkerfið sem nýtur sívaxandi vinsælda.

Í nýju líkamsræktarstöðinni í Elliðaárdalnum verður CrossFit gert enn hærra undir höfði en áður var í BootCamp og undir nýja nafninu CrossFit Stöðin.

„CrossFit Stöðin býr yfir glæsilegum CrossFit-sal og að sjálfsgöðu munum við njóta þess að geta æft utanhúss í nánú samneyti við ægifagra náttúru Elliðaárdalsins. Aðstaðan í nýja húsinu er í hvívetna til fyrirmyndar og auk CrossFit verður hægt að fara í BootCamp, hlaupahópa, lyftingar og meðgönguleikfimi, og láta smáfólkið í barnagæslu á meðan.“

Elvar segir helsta kost CrossFit vera fjölbreytni.

„Við tryggjum að fólk staðni ekki í sömu æfingunum viku eftir viku,

mælum árangur, tókum tíma og skráum niður. Margir sem koma til okkar hafa aldrei stundað líkamsrækt og alltaf kviðið því að mæta í ræktina. Í CrossFit fer þeim að þykja gaman að rækta líkamann og engin kvöð að mæta,“ segir Elvar.

Hann segir alla byrjendur í CrossFit sækja fjögurra vikna grunnnámskeið.

„CrossFit er alhliða leikfimi þar sem blandast saman lyftingar, hlaup, fimleikaæfingar, sipp, armbeygjur, upphíingar og fleira. Fæstir ráða við upphíingar og allt það erfiðasta strax en með okkar hjálp mæta þeir verkefnum á eigin forsendum. Því er engum hent út í djúpu laugina og álagið alltaf í takt við það sem fólk treystir sér til og í samræmi við þrek og þol hvers og eins.“

Elvar segist fullur tilhlökkunar að opna CrossFit Stöðina í fegurstu útivistarparadís Reykvíkinga og áður fyrirhuguðu bílasafni og félagsheimili Fornbílaklúbbs Íslands.

„Það verður sannkölluð þýði að CrossFit Stöðinni og ég sé ekki neitt betra en að fá líkamsrækt í tóm hús og enn fleiri til að stunda hreyfingu og útivist í Elliðaárdalnum. Það hlýtur enda að vera miklu betra að fá fleira fólk í dalinn en bíla.“

Sjá nánar á www.crossfitstodin.is.

BARA GAMAN

„Margir sem koma til okkar hafa aldrei stundað líkamsrækt og alltaf kviðið því að mæta í ræktina. Í CrossFit fer þeim að þykja gaman að rækta líkamann og engin kvöð að mæta.“

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

FERÐAMÁLA SKÓLINN

WWW.MK.IS
Ferðamálaskólinn sími: 594 4020


STARFSTENGT FERÐAFRÆÐINÁM

Ævintýralegur starfsvettvangur


Langar þig að starfa í ört vaxandi atvinnugrein – eða ertu starfandi í ferðaþjónustu?

Kynntu þér spennandi nám sem býður upp á mörg tækifæri og möguleika

Innritun lýkur 31. maí



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



PITSUR

ÞRIÐJUDAGUR 22. MAÍ 2012

Kynningarblað

Spagettipítsa, hráfæðispítsa, Happspítsa, fyrsta pitsan, eldbakaðar pítsur.



Hráefnið skiptir öllu máli

Pitsustaðurinn Eldofninn í Grímsbæ við Bústaðaveg er vel falið leyndarmál í miðju íbúðahverfi sem býður upp á vinalegt andrúmsloft og eldbakaðar pítsur í hæsta gæðaflokki. Mikið er lagt upp úr persónulegri og góðri þjónustu.

Vaitingastaðurinn Eldofninn er lítill og vinalegur pítsustaður, staðsettur í Grímsbæ við Bústaðavegin. Þar er boðið upp á girnilegar eldbakaðar pítsur eftir ítalskri forskrift. „Þetta er lítill fjölskyldustaður, rekinn af okkur hjónunum og strákunum okkar og svo að sjálfsögðu erum við með frábært aðstoðarfólk,“ segir Eva Karlsdóttir sem er eigandi ásamt manni sínum Ellert A. Ingimundarsyni leikara.

Fyrsta flokks hráefni

Hráefni er ekki bara hráefni, eru einkennisorð sem höfð eru að leiðarljósi hjá Eldofninum og því er það valið af kostgæfni. „Hráefnið skiptir öllu máli, til dæmis er enginn sykur notaður í pítsusósuna heldur plómútómatar sem eru náttúrulega sætir, en sósan er löguð daglega ásamt deiginu. Best geymda leyndarmál Eldofnsins er svo hvítlauks- og eldofnsolíurnar sem einnig eru gerðar á staðnum.“

Hakkið, sem er án allra íblöndunarefna, kemur frá Kjöthöllinni og er steikt á staðnum, klettsalatið er frá Hveratúni og basilíkan kemur beint frá bónda. „Basil er órjúfanlegur partur af Margarítu special, rauð sósan, mozzarella-sneiðar, olíufuolía og basillauf, sem sagt rauður, hvítur og grænn, sem eru litir ítalska fánans.“

Eldofn og kaffi frá Ítalíu

Árið 2008 fóru þau hjónin til Ítalíu og ætluðu að finna eldofn og skoða ítalska pítsustaði. „Við fórum í sex verksmiðjur að skoða ofna áður en við ákváðum að kaupa ofninn okkar og að sjálfsögðu borðuðum við svo pítsur í öll mál. Eldofninn sem við keyptum er með snúningsplötu sem auðveldar jafna bökun og minnkar líkur á að pítsurnar brenni við. Þannig getum við



útbúið fyrsta flokks eldbakaðar pítsur og veitt viðskiptavininum óskipta athygli í leiðinni áhyggjulaust.“

Eldofninn selur einnig sérinnflutt kaffi frá Ítalíu sem þau hjónin fundu fyrir tilviljun á ferðalagi sínu. „Við ætluðum bara að taka nokkur kíló af kaffi með heim og rákumst inn í fjölskyldufyrirtækið Italcaffè í Ceperana í La Spezia héraðinu. Þeir vildu endilega að við myndum selja kaffið þeirra á Íslandi. Okkur leist vel á og slógum bara til.“ Sífelld fleiri kunnar koma núorðið á Eldofninn eingöngu til þess að kaupa sér kaffi eða baunir til að taka með heim.

Ánægður viðskiptavinur besta auglýsingin

Hjá Eldofninum er mikið lagt upp úr því að veita góða þjónustu og jákvætt og persónulegt viðmót haft að leiðarljósi í öllum samskiptum við kunnann. „Hingað koma reglulega nýir viðskiptavinir eingöngu vegna góðrar umfjöllunar frá öðrum, þannig að ánægður viðskiptavinur er besta auglýsingin,“ segir Eva stolt af orðspori Eldofnsins.

Tilboð og opnunartímar

Ýmis tilboð eru í gangi á Eldofninum. „Við erum með hádegis-tilboð á virkum dögum; pítsa með tveimur áleggstegundum og súperdós og svo er tíu prósent afsláttur þegar fólk sækir.“

Ekki er boðið upp á heimsendingu nema um stórar pantanir sé að ræða. Eldofninn er opinn frá klukkan 11.30 til 21 þriðjudaga til fimmtudaga og til 22 á föstudögum. Á laugardögum er opið frá 17-22 og á sunnudögum frá 17-21 en á mánudögum er lokað. Á heimasíðu Eldofnsins, eldofninn.is, er hægt að skoða matseðilinn ásamt fleiru en einnig er Eldofninn að finna á facebook.

Sérinnflutt kaffi frá Ítalíu er alveg málið eftir matinn.



Best geymda leyndarmál Eldofnsins er hvítlauks- og Eldofnsolían með hinum frábæru eldbökuðu pítsunum.



Öflugur eldofn frá Ítalíu er í Eldofninum í Grímsbæ. Hér eru eigendurnir, þau Ellert og Eva.

MYND/RAKEL ÓSK SIGURDARDÓTTIR



Vinalegur staður í miðju íbúðahverfi.

Happspítsa með hráskinku

Þessi pítsuuppskrift birtist í bókinni Happ happ húrra sem kom út fyrir síðustu jóla og vakti mikla athygli.

Einn best heppnaði rétturinn úr tilraunaeldhúsi Happs. Áleggjið er í stöðugri þróun. Réttur sem ýtir undir sköpunargleðina. Hikið ekki við að prófa ykkur áfram með ýmsar hráefnis-samsetningar. Það er mjög sniðugt að gera marga pítsabotna í einu og geyma. Þeir þola töluverða geymslu. Bæði hægt að frysta og geyma í kæli til skemmri tíma. Sama má segja um sósurnar. Þær geymast í kæli a.m.k. á aðra viku í góðum ílátum.

5 dl heilheiti
3 dl blanda af höfrum, sesamfræjum, múslí að eigin vali og sólkjarnafræjum
2 msk. þurrkað oreganó
½ msk. sjávarsalt
2 msk. vínsteinslyftiduft
2 ½ dl volgt vatn
8 msk. ólífuolía

1. Blandið þurrefnum saman.
2. Hellið vatni og olíu saman við. Hrærið varlega. Bætið heilheiti við ef þurfa þykir.
3. Hnoðið saman og skiptið deiginu í sex hluta. Fletjið hvern hluta út í u.þ.b. 9" hring. Gott er að nota disk sem mót.
4. Bakið í u.þ.b. 10-15 mínútur við 200°C.

Græn sósa

4 handfyllir spínat
1 dl grænar ólífur
1 handfylli fersk basilíka
1 dl kasjúhnetur

3 dl eða meira af ólífuolíu
Sjávarsalt
Svartur pipar

1. Setjið fjögur fyrstu hráefnin í matvinnsluvél og maukið.
2. Hellið ólífuolíu saman við í mjórri bunu á meðan vélin er í gangi. Þið gætuð þurft meira eða jafnvel minna af ólífunni. Það fer eftir smekk hvers og eins hve þykk sósan á að vera.
3. Smakkið til með salti og pipar.

Samsetning

1. Dreifið sósunni yfir bakaðan pítsubotninn. Magn fer eftir smekk.
2. Leggið salat þar ofan á og raðið síðan öðrum hráefnum þar ofan á. Röð og magn fer eftir smekk hvers og eins.

Græn pítsa

Salat að eigin vali
Hráskinka
Sultaður rauðlaukur
Ferskar eða þurrkaðar fíkjur, skornar í sneiðar
Gorgonzola-ostur, mulinn eða parmesanostur, mulinn
Brómber
Pekanhnetur, muldar
1 stór rauðlaukur, skorinn í þunnar sneiðar
½ msk. olía
½ msk. balsamik-edik
1 msk. hrásykur

1. Mýkið laukinn á pönnu á frekar lágum hita, í u.þ.b. 20 mínútur og bætið öðrum hráefnum við.



Þessi pítsa frá veitingahúsinu Happi er mjög vinsæl. Uppskriftin birtist hér fyrir þá sem vilja prófa heima.



Eggert Eggertsson er einn upphafsmanna pítsumenningarinnar á Íslandi. Hann hóf sölu á pítsum árið 1970.

MYND/STEFÁN KARLSSON

Má bjóða þér spagettípítsu?

Mikið hugmyndaflug þurfti á fyrstu árum pítsugerðar hérlendis enda lítil þekking til staðar á þeim tíma.

Fyrsti íslenski veitingastaðurinn sem bauð að staðaldri upp á pítsur er talinn vera Smáarakaffi sem stóð við Laugaveg í Reykjavík. Smáarakaffi hóf að selja pítsur árið 1970 en eigandinn, Eggert Eggertsson matreiðslumeistari, kynntist þeim þegar hann starfaði við millilandasiglingar til New York. „Ég sá í Bandaríkjunum á þessum tíma hvað fólk var vitlaust í þennan mat. Ég athugaði málið heima og sá að enginn veitingastaður var að bjóða upp á pítsur að staðaldri og ákvað að stofna veitingastað sem seldi slíkan mat.“

Lítil pítsugerðarþekking var til staðar í landinu á þeim tíma. Eggert segir að hann og starfsfólk hans hafi þurft að nota hugmyndaflugið oft á tíðum enda höfðu þau engar leiðbeiningar varðandi gerð þeirra eða bökunartíma. „Það voru engin tæki til hérlendis til pítsugerðar þannig að við vissum eiginlega ekkert hvað við vorum að gera. Við urðum að prófa okkur áfram með pítsubotninn og magn af áleggji.“ Eggert flutti inn pítsusósu frá Bandaríkjunum en þegar hún klárðist þurfti að búa til sósu sem líktist henni.

„Það var nú ekkert hægt að stóla á að maður fengi sósuna frá Bandaríkjunum

þannig að þá þurfti bara að búa til eina slíka sem líktist henni.“

Pítsurnar voru ekki bakaðar í pítsuofnum eins og tíðkast víðast hvar í dag heldur var venjulegur bakaraofn notaður. Eggert notaði einnig örbylgjuofn en var þá búinn að forbaka pítsubotnana.

Framandi pítsur

Íslendingar tóku vel í pítsurnar að sögn Eggerts enda framandi og spennandi matur á þeim tíma. Á matseðli Smáarakaffis voru meðal annars hamborgarapítsa, sígaunapítsa og spagettípítsa.

„Spagettípítsan seldist eins og heitar lummur. Þetta var pítsa með spagettisósu og spagettí sem sett var á pítsuna. Hún varð fljótt mjög vinsæl en gestir staðarins lentu í miklum vandræðum með að borða hana enda fylgdi henni svolítil sóðaskapur. Við hættum því fljótlega að

selja hana.“ Vinsælt álegg á þessum tíma var spægipýlsa sem þurfti að nota í stað pepperoni sem fékkst þá ekki hér á landi. Skinka var einnig vinsæl og sumir vildu að sögn Eggerts fá ávexti út á pítsuna, til dæmis ananas, sem þótti frekar nýstárlegt á þeim tíma. Eggert staldraði stutt við í veitingageiranum og sneri aftur á sjóinn stuttu síðar. Hann borðar þó ennþá pítsur og segist búa þær til reglulega heima hjá sér. Uppáhaldsálegg hans í dag eru sveppir, pepperoni og skinka.

Pítsuálegg var frumlegt í upphafi, til dæmis sardínur, spagettí úr dós og spægipýlsa.



Pizza toppur

MEIRA MAGN • BETRA VERÐ

Nú einnig með Mozzarella

Rífasti góður á:
Pastaréttinn
Pízzuna
Ofnréttinn



Castello

PIZZERIA



Ekta eldbakaðar
pizzur eins og
þær eiga
að vera



Alltaf ferskasta
hræfnið sem
völ er á

Fjölskyldutilboð

Stór pizza m/2 áleggsteg. 12" **3790 kr**
(SÓTT)
hvítlauksbrauð/margaritu,
stór brauðstandgir og 2L coke

Stór pizza
m/2 **1890 kr**
áleggsteg. (SÓTT)

Hádegis Tilboð

Lítill pizza m/3 áleggsteg. og Coke í dós 1090 kr

Heimsendingar Tilboð

Stór pizza m/2 áleggstegundum, 3450 kr
stór brauðstangir og 2L gos

Mið pizza m/2 áleggstegundum, 2700 kr
lítill brauðstangir og 1L gos

20%
Afsláttur
af sóttum
pizzum

Opnunartímar

Dalvegur 2 Kóp
Opið alla daga
11-01

Dalshraun 13, Hafn
Sun-Fim: 11-23
Fös-Lau: 11-23:30

www.castello.is
S:577 3333



HRÁFÆÐIS-PITSA

Hollt og gott

Hráfæðispítsan sem krakkarnir elska.

Gott er að byrja á henni um hádegið svo að hún verði tilbúin um kvöldmat. Mikilvægt er að setja botninn í þurrkun um hádegi. Útbúið áleggjið klukkutíma fyrir mat.

Grunnur

400 g hveitikorn, spírað
2 meðalstórir tómatar
½ meðalstór laukur
6-8 sólþurrkaðir tómatar (gott að setja í bleyti 4 tímum áður)
10 fersk basilíkulauf
1 msk. ítölsk kryddblanda
1 hvítlauksrif
1/3 bolli ólífulóla

Allt sett í matvinnsluvél og hrært. Ef deigið verður of þykkt er gott að blanda tómötum saman við. Deiginu hellt í skál og hnoðað í höndunum. Deigið sett á plötu og dreift úr því. Þurrkið í þurrkofni á 35-45°C í 4 tíma eða þar til yfirborðið er næstum þurr.

Ostur
2 bollar hráar makadamíuhnetur
2 bollar kasjúhnetur (cashew)
1 hvítlauksrif
Safi úr 1-2 sítrónum, fer eftir magni og sætleika

Blandið innihaldsefnunum vel saman í matvinnsluvél.

Tómatsósa
4-6 tómatar
4-6 sólþurrkaðir tómatar
1 hvítlauksrif
½ rauð paprika
1 tsk. ferskt engifer
Handfylli af fersku basilíkulaufi

Blandið öllu vel saman í matvinnsluvél.

Álegg sem mælt er með að setja á pitsuna eru tómatar, paprika, laukhringir, ananas, svartar ólífur, sveppir, spergilkál og fínt skorin basilíkulauf.

Álegg sett á pitsuna:

1. Dreift jafnt úr ostinum yfir pitsubotninn.
2. Tómatsósan sett yfir ostinn.
3. Grænmeti sett á pitsuna. Gott að byrja á tómötunum.
4. Berið fram strax eða hitið litlillega, fer eftir smekk.

UPPRUNI PITSUNNAR

Vinsæll matur

Pítsan, eins og við þekkjum hana í dag með tómatsósu sem álegg, kom upphaflega frá Napólí á Ítalíu. Þegar tómatar bárust til Evrópu frá Ameríku á 16. öld héldu menn lengi að þeir væru eittraðir. Í fátækrahverfunum í Napólí á 18. öld var hins vegar byrjað að setja tómata á flatbökur en hægt er að kalla það uppruna pitsunnar.

Pítsan varð gríðarlega vinsæl og laðaði að sér mikið af ferðamönnum sem fóru inn í fátækrahverfin til að gæða sér á sérreitti heimamanna. Fyrir 1830 voru pitsur aðeins

seldar utandyra, þá voru pitsurnar bakaðar í eldofnum. Antica Pizzeria Port'Alba var opnaður 1830 og er talinn vera fyrsti pitsustaðurinn þar sem hægt var að sitja inni og borða. Sá staður er enn þá til þótt hann fái ekki mikið lof frá matargagnrýndum.

Til að byrja með voru aðaláleggin olía, ostur, tómatur og kryddsíld. Pitsubotnarnir í Napólí voru alltaf mjúkir og sveigjanlegir en íbúar í Róm vildu hafa botninn þunn og stökkan. Í dag er pitsan einn vinsælasti matur í heimi og eru til óteljandi tegundir um allan heim.



Magnús Hafliðason, rekstrar- og markaðsstjóri hjá Domino's, er ánægður með nýjungar sem eru að líta dagsins ljós á matseðlinum.

Spennandi tímar hjá Domino's Pizza

„Viðtökurnar hafa verið vonum framar,“ segir Magnús Hafliðason, rekstrar- og markaðsstjóri Domino's Pizza, sem nýlega gaf út nýjan og spennandi matseðil.

Við töldum að þörf væri á ferskum nýjungum á matseðil okkar og það virðist hafa verið rétt. Við skoðuðum alla þætti vörunnar og niðurstaðan var þrjár tegundir af botnum, 100% mozzarella og enn meiri vörugæði en áður,“ segir Magnús. „Sem dæmi má nefna að við höfum endurbætt klassíska botninn en hann er nú með hvítlauks- og parmesankryddi á kantinum. Það hefur mælst mjög vel fyrir enda eitthvað sem enginn annar býður upp á. Einnig bjóðum við ekta ítalskan botn og léttbotn sem er sykurlaus og með 20% spelthveiti.“

Fleiri nýjungar væntanlegar

„Við erum rétt að byrja. Næstu mánuðir verða spennandi en stefnan er að bjóða upp á enn

meira úrval og gæði.“ Magnús segir að fjöldinn allur af spennandi vörum sé væntanlegur á næstu mánuðum. „Við lítum svo á að vörubrúun ljúki aldrei – það má alltaf gera betur.“

Domino's kynnti einnig nýlega nýjan vef (www.dominos.is) þar sem nýtt og fullkomið pöntunarkerfi er að finna.

„Viðtökurnar hafa verið mjög góðar en við sjáum þetta fyrst og fremst sem aukna þjónustu við viðskiptavinum. Þeir geta nú pantað í ró og næði á netinu,“ segir Magnús.

„Með Pizzu Vaktinni er svo mögulegt að fylgjast með stöðu pöntunar í rauntíma og þannig geta viðskiptavinir fylgst með því hvar pöntunin er stödd á hverjum tíma.“

„Sem dæmi má nefna að við höfum endurbætt klassíska botninn en hann er nú með hvítlauks- og parmesankryddi á kantinum. Það hefur mælst mjög vel fyrir enda eitthvað sem enginn annar býður upp á.“

App-ið handan við hornið

„Vefsíðan var byrjunin en mjög fljótlega munum við kynna app fyrir bæði iPhone og Android síma. Þar verða sömu möguleikar og á netinu en jafnvel enn fljótlegra að panta en á vefnum,“ segir Magnús. „Þetta er framtíðin að okkar mati og ekki nokkur vafi á því að fleiri og fleiri munu kjósa að panta í gegnum netið með einum eða öðrum hætti.“

Megafjör í Megavíku

„Það er alltaf líf og fjör í Megavíku,“ segir Magnús en Domino's heldur eina slíka þessa dagana. „Það myndast ákveðin stemning hjá starfsfólki okkar þegar svona mikið er að gera. Við undirbúum okkur eftir fremsta megi og gerum allt til þess að tryggja það að afgreiða megi allt þetta magn á réttum tíma og með vörugæðin í lagi.“

**HOLLUSTA**

„Fjölbreytt og hollt mataræði úr öllum fæðuflokkum og regluleg hreyfing er leiðin til betra lífs hvar sem við erum stödd í tilverunni. Regluleg neysla eplaediks er ein leið til að bæta og styrkja líkamann svo við megum enn frekar njóta þess sem lífið hefur upp á að bjóða,“ segir Þórunn.

MYND/STEFÁN

EPLI Á DAG KEMUR HEILSUNNI Í LAG

HP HEILSA KYNNIR HP Heilsa er ungt og framsækið fyrirtæki sem hefur það að markmiði að koma með nýjungar byggðar á fornri hollustuhefð. Þar er lagður mikill metnaður í hreinleika og náttúrulegan uppruna vörunnar. Alpha Daily, sem er unnið úr eplaediki, er flaggskip fyrirtækisins.

Eplaedik hefur verið notað í gegnum aldirnar til að bæta heilsuna. Edikið er unnið úr þroskuðum lífrænum eplum sem eru látin gerjast. „Það inniheldur öll þau næringarefni sem eplið sjálft býr yfir, en við gerjunina myndast fleiri góð efni. Til dæmis eykst magn ensíma og góðra gerla sem er mikilvægt til að viðhalda heilbrigðri þarmaflóru. Eplaedikið er steinefnaríkt, í því er meðal annars kalcíum, kalk og natríum auk þess sem það inniheldur fjölda snefilefna,“ segir Þórunn Stefánsdóttir, einkabjálfi og kennari í Baðhúsinu, líkamsræktarstöð fyrir konur, sem hefur góða reynslu af Alpha Daily-drykkjum frá HP heilsu en í honum er eplaedik, hunang og oregano.

EPLAEDIK

Blandan eplaedik og hunang er þekkt fyrir vatnslosandi eiginleika sína og hefur áhrif á bjúg og bólgur. Hún styrkir ónæmiskerfið og hefur sýrustillandi áhrif, það er gerir líkamann saltari.

„Streita, langvarandi álag og næringar-

snautt mataræði uppfyllt af skyndibitum og gosdrykkjum hefur áhrif á sýrustig líkamans. Því súrari sem líkaminn er því viðkvæmari er hann fyrir sýkingum. Ónæmiskerfið verður veikara og ójafnvægi kemst á þarmaflóruna.

Fjölbreytt og hollt mataræði úr öllum fæðuflokkum og regluleg hreyfing er leiðin til betra lífs hvar sem við erum stödd í tilverunni. Regluleg neysla eplaediks er ein leið til að bæta og styrkja líkama okkar svo við megum enn frekar njóta þess sem lífið hefur upp á að bjóða,“ segir Þórunn.

Eplaedikið í Alpha Daily kemur frá Þýskalandi og er ógerilsneytt og óeimað. Það virkjar hreinsikerfi líkamans, það er nýrun, lifrina og blóðrásarkerfið. „Á mannamáli þýðir það að það er vatnslosandi, léttir bjúg og bólgur, styrkir meltingarflóruna og jafnar sýrustig líkamans.“

HUNANG

Hunangið í blöndunni er lífrænt ræktað hráhunang frá Mið- og Suður-Ameríku. „Hunang er þekkt fyrir græðandi eiginleika

sína, til dæmis við hósta og ertingu í hálsi. Það þykir líka róandi að taka inn matskeið af hunangi fyrir svefninn til að sofa betur. Hunang er afar steinefnaríkt og hefur góð áhrif á meltingu og ónæmiskerfi,“ segir Þórunn.

OREGANO


„Fyrir utan að vera dásamlegt krydd á góða steik eða grillað grænmeti er oregano þekkt fyrir góð áhrif á gerlaflóru þarmanna og vinnur þannig gegn ýmsum örverum og sýkingum,“ segir Þórunn. Alpha Daily-eplaediksblandan er tilbúin til drykkjar og algengt er að fólk drekki eitt glas af drykknum á morgnana og eitt á kvöldin. „Mörgum hentar enn fremur að drekka eitt glas fyrir hverja máltíð til að hjálpa líkamanum að búa til saltsýru í magasýrunni til að auðvelda meltingu. Margir af skjólstæðingum mínum hafa látið vel af virkni Alpha Daily,“ segir Þórunn.

Drykkurinn er í glerflöskum sem má skila til HP Heilsu, Smiðjuvegi 38 í Kópavogi, og fá áfyllingu. Ef skilað er inn sex flöskum fæst áfylling á heildsöluverði.

**LÍFRÆNT 100%**

Eplaedikið í Alpha Daily kemur frá Þýskalandi og er ógerilsneytt og óeimað. Það virkjar hreinsikerfi líkamans.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



FROSID LAMBA KJÖT

1495
KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSID LAMBALÆRI Í SNEIÐUM



1198
KR. KG

ALI ELDUÐ GRÍSARIF / SPARERIBS



698
KR. KG

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR



1379
KR. KG

KJARNAFÆÐI FERSKT
EINIBERJAKRYDDAÐ
LAMBALÆRI

AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS
UM HVITASUNNUHELGINA
Föstud. 25 maí 10:00-19:30
Laugard. 26 maí 10:00-19:00
Hvítasunnudagur LOKAÐ
Mánud. 28 maí 12:00-18:00



359
KR. KG

BÓNUS ÍS 2 LTR.
SÚKKULAÐI- VANILLU- JÁRDARBERJA



195
KR. 2 LTR.



698
KR. 6 LTR.

COKE 4 X 1.5 LTR. = 6 LTR.



359
KR. 480 G

10 STK. BÓNUS VÍNARPYLSUR



198
KR. 240 G

5 STK. BÓNUS VÍNARPYLSUR



98
KR. 200 G

EUROSHOPPER STEIKTUR LAUKUR



159
KR. 5 STK.

5 STK. BÓNUS PYLSUBRAUÐ



79
KR. 330 ML

ÍSLENSKUR LAX EÐA ÍSLENSK BLEIKJA Á GRILLIÐ



1859
KR. KG

NORÐANFISKUR ÍSLENSKUR LAX
FROSINN BEINHR. M.ROÐI



1859
KR. KG.

NORÐANFISKUR LAX GRILL-
KRYDDAÐUR BEINHR. M.ROÐI



1398
KR. KG.

NORÐANFISKUR ÍSLENSK BLEIKJA
FROSIN BEINHR. M.ROÐI

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. malur, 6. ólæti, 8. skrá, 9. ískur, 11. í röð, 12. borg, 14. arkarbrot, 16. hvað, 17. for, 18. ýlfur, 20. leyfist, 21. titra.

LÓÐRÉTT

1. laun, 3. pot, 4. málmur, 5. angan, 7. hindrun, 10. kvk nafn, 13. vætla, 15. rænuleysi, 16. samkynhneigður, 19. til.

LAUSN

15. óráð, 16. hýr, 19. að, 5. ilm, 7. trefill, 10. gró, 13. íla, LÓÐRÉTT: 1. kaup, 3. of, 4. kalsúm, 17. aur, 18. yla, 20. má, 21. ríða, LÁRÉTT: 2. pokí, 6. át, 8. tál, 9. urg, 11. lm, 12. parís, 14. fólló, 16. ha,

Markaðurinn kemur út á morgun!

MICHELSEN
URSMÍÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is

MARKAÐURINN
Miðvikudagur 9. maí 2012 | 9. tölublað | 8. árgangur

Vodafone á markaðurinn

- Stefnt er að skráningu Vodafone í september eða október
- Kemur til greina að fá kjölfestufjórðing til að kaupa stóran hlut
- Fyrsta nýskráning á vegum Framtakssjóðsins frá stofnun hans

Meðal efnis í blaðinu:

Stórt veðmál JPMorgan reyndist bankanum dýrkeypt og varð að vopni í höndum þeirra sem vilja strangari reglur um eigin viðskipti banka.

Hvað kostar að reka hagsmunafélög atvinnulífsins á hverju ári?

Markaðurinn kemur út á morgun!

Allt sem þú þarft

Af hattaáti**BAKÞANKAR Erlu Hlynsdóttur**

Stóra stundin er runnin upp. Íslendingar skeppa í fyrri forkeppni Júrövisjón í kvöld. Gréta og Jónsi koma fram sem fulltrúar okkar allra. Eflaust verða einhverjir stoltir. En það sem ég skal éta hattinn minn ef við vinnum. Ég skal meira að segja éta hann ef við endum á topp tíu.

JÚ JÚ, þetta er ágætt lag. Ég var alveg búin að venjast því þegar ég var búin að heyra það fimm sinnum. Ég er hins vegar ein af þeim sem var svo hefðbundin, eða svo ótrúlega framúrsteftuleg, að halda með Bláum Ópal og laginu Statu upp.



ÉG FYRIRGAF þessum hressu drengjum alveg að kunna ekki íslenska málfræði. Ég fyrirgef þeim að kunna ekki íslenska setninga-skipan. Ég vonaði bara svo innilega að þeirra lag kæmist áfram. Meirihluti þeirra sem kaus í símakosningunni var líka á sama máli. Það var ekki nóg. Blár Ópal skyldi bara dúsa á Selfossi.

Í KVÖLD býr landinn til poppkorn, fær sér kóksopa og fylgist spennur með því þegar fulltrúar Íslands flytja sigurlagið í Bakú. Ég hef samt ekki trú á þeim. Því miður.

PETTA er auðvitað bannað. Svona eins og það er bannað að segja við eiginmanninn að þig langi nú stundum að sofa hjá einhverjum öðrum en honum, og það er bannað að segja við barnið sitt að það hafi aldeilis ekki teiknað fallegustu myndina af krökkunum í fyrsta bekk.

Í KVÖLD stíga á stök rússnesku ömmurnar krúttlegu, og þarna verða írsku hárrprúðu tvíburarnir sem einnig tóku þátt í fyrri. Í seinni undankeppninni bætist síðan við sænska alsælulagið Euphoria sem hefur slegið í gegn hjá ungviðinu. Loks má búast við því að herra Humberdínck fái atkvæði frá einmana húsmæðrum sem gleyma sér eitt augnablik.

GRÉTA OG JÓNSI eru eflaust hið besta fólk. Enda er þetta ekkert persónulegt.

PÁLL ÓSKAR lýsti því yfir í fyrri að hann skyldi éta hattinn sinn ef Ísland kæmist upp úr undanúrslitum. Lagið komst vissulega áfram (þó mér hafi aldrei fundist það neitt spes) og Páll Óskar þurfti aldeilis að borða brauðtertuhatt sem systir hans bjó til handa honum. Kannski er það bara það sem þetta snýst allt um. Frá því ég sá mynd af Páli Óskari með andlitid útmarkað í majónesi hef ég vart hugsað um annað. Kannski er ég bara að búa mér til ástæðu til að borða (meira) majónes.

myndasögur**■ Pondus**


Eftir Frode Øverli

**■ Gelgjan**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

**■ Handan við hornið**

Eftir Tony Lopes

**■ Barnalán**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Broil King®



FRÍ

ÁFYLLING AF GASI
FYLGIÐ MEÐ HVERJU
SELDU GRILLI*

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GASGRILLUM

Broil King gæðagrillin eru framleidd í Kanada og hæfa íslenskum aðstæðum. Komdu við í verslunum og á völdum þjónustustöðvum N1 og finndu rétta grillið.



Imperial™ XL

Verð með 20% afslætti: **279.900 kr.**
Verð áður: 349.900 kr.



Regal™ 490

Verð með 20% afslætti: **155.920 kr.**
Verð áður: 194.900 kr.



Signet™ 90

Verð með 20% afslætti: **119.920 kr.**
Verð áður: 149.900 kr.



Signet™ 20

Verð með 20% afslætti: **95.920 kr.**
Verð áður: 119.900 kr.



Monarch™ 20

Verð með 20% afslætti: **63.920 kr.**
Verð áður: 79.900 kr.



Royal™

Verð með 20% afslætti: **47.920 kr.**
Verð áður: 59.900 kr.



Gem™

Verð með 20% afslætti: **35.920 kr.**
Verð áður: 44.900 kr.



Porta-Chef® Pro

Verð með 20% afslætti: **27.920 kr.**
Verð áður: 34.900 kr.

*Þú velur um 10 kg plastkút eða 9 kg stálkút.

Ef þú skilar inn þrýstjafnara fyrir smellugas þá fylgir nýr þrýstjafnari fyrir örugga skrúfaða gaskúta. Einnig er tekið við smelltum gashylkjum. Skilagjald er á gaskútum.

TOSHIBA

DELL

acer

hp

ASUS

UNITED



FARTÖLVA

VERÐFALL Á YFIR 80 GERÐUM AF



TOSHIBA
-100.000

Portégé R700-1C2 13.3

249.990

Fullt verð 349.990



acer
-30.000

Aspire 4752-2333G32Mn

89.990

Fullt verð 119.990



acer
-40.000

Aspire 5755G-2676G75MN i7

159.990

Fullt verð 199.990



-15.000

MACBOOK PRO Z0N1

214.990

Fullt verð 229.990



hp
-15.000

HP 630

74.990

Fullt verð 89.990



TOSHIBA
-30.000

Toshiba Satellite R850-10F

129.990

Fullt verð 159.990

**TAKMARKAÐ MAGN!
SÝNINGAREINTÖK
OG UMBÚÐARLAUST
Á GEGGJUÐU VERÐI!**

AÐEINS NOKKRIR DAGAR!



-20.000

MACBOOK AIR Z0M2

229.990

Fullt verð 249.990

TÖLVULISTINN

Heimilistæki

@h.t.l.is

OPNUNARTÍMI:

Virka daga 10-18 – Laugardaga 11-16

URÝMING

FARTÖLVUM OG SPJALDTÖLVUM



Inspiron N5050 i5/4GB/500

99.990

Fullt verð 129.990



UX31E-RY009V 13,3/i5/128

199.990

Fullt verð 259.990



Qosmio X770-138

219.990

Fullt verð 299.990



TAB 07017"

16.990

Fullt verð 19.990



Iconia TAB A501 16GB 3G s

69.990

Fullt verð 89.990



Asus EEE 1015BX 320G

49.990

Fullt verð 64.990



K735D-TY195V

139.990

Fullt verð 169.990



4755G-2334G50Mn

119.990

Fullt verð 139.990



**20% AFSLÁTTUR AF
FARTÖLVUTÖSKUM!**

tl.is

**TÖLVU
LISTINN**

**6 VERSLANIR
UM ALLT LAND**

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730


EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750

SJÁÐU HANA Á UNÐAN ÖLLUM ÖÐRUM!



**WILL SMITH
TOMMY LEE JONES
JOSH BROLIN**

Mix

MIB³

MEN IN BLACK 3

**MIDNÆTURFORSÝNINGAR
Í KVÖLD Í EFTIRFARANDI BÍÓUM**

**Laugarásbíó - Smárabíó
Sambíó Egilshöll - Borgarbíó Akureyri**

MIDASALA
Í FULLUM GANGI Á
MÍÐI.IS OG
SAMBIÓ.IS

HEIMSRUMSÝND Á MORGUN

SMÁRA BÍÓ

HÁSKÓLA BÍÓ

BORGAR BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ

SAMBÍÓ EGILSHÖLL

KEFLAVÍK SAMBIÓ

sená



577 7000

Rizzo Pizza

EUROVISION
SONG CONTEST
BAKU 2012

EUROVISION TILBOÐ

STÆRRI PIZZA • NEVER FORGET

Pepperoni, Pepperonata, Sv. Ólífur, Oregano **1.190 KR.**

STÆRRI PIZZA • MARGARITA Fyrir börnin **890 KR.**

ALLAR PIZZUR Á MATSEÐLI Á 1.380 KR EF ÞÚ SÆKIR*

ELDBÖKUDAGAR

BÆJARLIND • HRAUNBÆ • GRENSÁSVEGI • MOSFELLSBÆ

NÝTT
HÁDEGIS TILBOÐ

ALLAR PIZZUR Á MATSEÐLI 1.380 KR.*
STÆRRI PIZZA MEÐ 2 ÁLEGGSTEGUNDUM 1.190 KR.
MINNI PIZZA MEÐ 2 ÁLEGGSTEGUNDUM 790 KR.
STÆRRI MARGARITA 990 KR.

PIZZAHLAÐBORÐ Á GRENSÁSVEGI Á 990 KR. FRÁ KL 11 - 15



ELDBÖKUDAGAR
FRÁ 22. MAÍ
TIL 29. MAÍ

*Tilboð þetta gildir ekki á Lúxusmatseðli

Stebbi & Eyfi, Jónsi & Greta,

Audur & Ljótur

Okkar Euróuisjón pör

MVTA HUSID / SIA - 12-1086





HVITA HÚSD/81A - 12.0011

HÖFUM OPNAÐ

NYJA

SKOÐUNARSTÖÐ

AÐ GRJÓTHÁLSI 10

Láttu okkur skoða bílinn þinn við bestu aðstæður í nýju skoðunarstöðinni okkar að Grjóthálsi 10. Þaulreyndir fagmenn taka vel á móti þér og það er alltaf heitt á könnunni.

Opið kl. 8-17 virka daga



Adalskoðun, faggildur skoðunaraðili í 17 ár

Adalskoðun

Reykjavík
Grjótháls 10
Sími 590 6940

Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930

Hafnarfjörður
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

Kópavogur
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935

Reykjanesbær
Holtsgötu 52
(við Njarðarbraut)
Sími 590 6970

www.adalskodun.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Lokka Gunnar á völlinn

Knattspyrnuunnendur glöddust í gær þegar stutt stikla, sem virtist gefa til kynna að sparkátturinn Gunnar á Völlum myndi snúa aftur, birtist á Mbl.is. Spjátrungurinn Gunnar Sigurðarson stýrði þættinum við góðan orðstír í fyrri-sumar og þótti sýna leikina í Pepsi-deildinni með frumlegum og bráðfyndnum hætti. Ekki er þó útséð með hvort Gunnar snúi aftur, þar sem hann hefur enga ákvörðun tekið, og virðist stíklan til þess fallin að lokka hann aftur á völlinn. Við spyrjum að leikslukum.



Í viðskiptafréttirnar

Edda Hermannsdóttir hefur getið sér gott orð í sjónvarpi sem spyrill í Gettu betur síðustu tvo vetur. Samhliða störfum sínum fyrir Ríkisútvarpið hefur hún stundað nám í hagfræði og kennt líkamsræktarhópatíma í World Class. Nú hefur Edda svo fundið sér starf þar sem hagfræðimenntunin kemur að góðum notum en hún hefur verið ráðin blaðamaður á Viðskipta- blaðið þar sem hún mun skrifa viðskiptafréttir í sumar.



- afb, - sv

Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Björgunarsveitir farnar að rukka fyrir aðstoðina
- 2 Hitabylgja í spánni fyrir hvítasunnuna
- 3 Segir Íslendinga þurfa að undirbúa sig undir hrún evrunnar
- 4 Öxull brotnaði af sömu þotu
- 5 Varðstjóri sýknaður - mátti aflífa hreindýr og skera úr því kjöt
- 6 Vítisenglar selja Viagra

Einn fremsti ljóða- og óratoríusöngvari heims Christoph Prégardien

Ulrich Eisenlohr, píanó
Harpa, Norðurljós
sun. 27. maí kl. 15 / 4.500 kr.



Stórtónleikar Hljómskálans

Harpa, Eldborg, 2. júní
frá 3.500 kr.



Góðir gestir Sjáumst á Listahátíð

Verðlaunasýning
frá Sviss

Pétur Gautur

Aðeins ein sýning
Þjóðleikhúsið
30. maí / 3.500 kr.



Bryan Ferry

Harpa, Eldborg
27. og 28. maí
frá 6.900 kr.



Bastards - fjölskyldusaga

Vesturport
Borgarleikhúsið
1. og 2. júní
4.400 kr.



Splunkuný leikrit

Á óvenjulegum
sýningarstöðum.
Allra síðustu
miðarnir
1.500 kr.



Anna Þorvaldsdóttir

Raftónleikar í
Hörpu, Kaldalóni
á morgun,
mið. kl. 20
2.500 kr.



Danstónleikar Glymskrattinn

Frumstýnt á morgun
Þjóðleikhúskjallarinn
2.500 kr.



Húslestrar

heima í stofum
rithöfunda
Á íslensku og
þýsku frá 26. maí.
Síðustu miðarnir
1.000 kr.



NÝR MATSEÐILL
FYLGR BLAÐINU
Í DAG



Alþjóðleg myndlist á fjölda sýningarstaða

...OG FJÖLDI ANNARRA VIÐBURÐA
Á HVERJUM DEGI TIL 3. JÚNÍ

Miðasala á alla viðburði hátíðarinnar á www.listahatid.is
Miðasölusími: 561 2444 / Miðasölusími á viðburði í Hörpu: 528 5050